

# Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

03/4. tbl. • Mars/Apríl 2002

Iðning 2002

## Samkeppnisstaða Íslands

Iðning Samtaka iðnaðarins, það níunda í röðinni, var haldið föstudaginn 15. mars. Að þessu sinni var samkeppnisstaða Íslands meginviðfangsefni Iðnings.

Ályktun þingsins setur fram með skýrum hætti hvað félagsmenn Samtaka iðnaðarins telja brýnast í þeim efnum. Þar segir að rétt sé að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ekki sé eftir neinu að bíða. Rökin séu fyrst og fremst efnahagsleg og lúti að starfsskilyrðum fyrirtækja á Íslandi og líf skjörum almennings. Stöðugleiki í efnahagsmálum og starfsumhverfi sé nauðsynlegur þróttmiklu atvinnulífi og skilyrði erlendra fjárfestinga. Sífelld verði ljósara að íslenska krónan sé íslensku efna-

hagslífi of dýrkeypt vegna hárra vaxta, óryggis sem henni fylgir og neikvæðum áhrifum á erlendar fjárfestingar. Loks sýni niðurstöður margra kannana að ótvíræður vilji félagsmanna Samtaka iðnaðarins og kjósenda standi til þess að teknar verði upp viðræður við ESB um aðild, að taka eigi upp evru og að aðild hafi jákvæð áhrif á efnahag Íslands.

Kosið var til stjórnar og ráðgjafaráðs að venju með almennri póstkosningu. Í framboði var hópur góðra karla og kvenna. Niðurstaðan varð sú að meðstjórnendur til tveggja ára voru kosin Baldur Guðnason, HörpuSjöfn hf, Halla Bogadóttir, Höllu Boga gullsmíði og Hreinn Jakobsson, Skýrr hf. Formaður var kosinn Vilmundur

*framh. á bls.3*

### Meðal efnis :

Stuðningur við tækniþróun og vísindi

*Ritstjórnargrein*

2



Iðning SI

3-10

Sjálfbær þróun á Íslandi

11

*Umhverfismál*

Umslag ehf.

*Heimsókn í fyrirtæki*

13

Sementsverksmiðjan hf.

*CE-merkir vöru sína*

15



# Stuðningur við tækniþróun og vísindi

Um þessar mundir eru þrjú frumvörp til afgreiðslu á Alþingi: Í fyrsta lagi um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, annað um Vísinda- og tækniráð og það þriðja um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins

## Forsagan

Ráðið hefur fram að þessu verið skipað að jöfnu af fulltrúum atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana. Undir Rannís hafa heyrð tveir sjóðir Vísinda- og Tæknisjóður. Segja má að háskólamaður hafi að mestu settið að styrkveitingum frá Vísindasjóði og þar hefur megináherslan verið lögð á grunnrannsóknir. Rannsóknastofnanir og fyrirtæki hafa sótt meira til Tæknisjóðs þar sem áherslan hefur verið meira á hagnýtar rannsóknir en að litlu leyti vörupróunar og markaðsstarf, sem á mjög undir högg að sækja þegar styrkumsóknir eru metnar.

## Stefnumótun á hærra plan

Nú á að verða hér breyting á. Hún er að hluta fólgin í því að færa yfirstjórn þessara mála upp á hærra plan en verið hefur. Yfirstjórnin á nú að vera í höndum ríkisstjórnar með örlitilli þátttöku atvinnulífs og háskólastofnana. Flestir í atvinnulífinu hafa stutt þessa breytingu í trausti þess að við séum komin svo langt á þróunarbrautinni að úrelt sé að atvinnulíf, háskólar og rannsóknarstofnanir bitist um áherslur og aura inni í Rannsóknarráði. Nútímalegra sé að ríkisstjórnin leggi línurnar varðandi

heilðarfjárveitingar til þessara mála og almenna stefnu í rannsóknum og þróunarstarfi. Síðan sé fjármunum ráðstafað á grundvelli umsókna á jafnréttisgrundvelli. Enginn hefur látið sér til hugar koma að ríkisstjórnin eigi að velja verkefni og úthluta fjármunum.

## Meira fé til grunnrannsókna

Ætlunin er að sameina Vísinda- og Tæknisjóð og beina því fjármagni sem þar hefur verið til grunnrannsókna og menntunar ungra vísindamanna eða með öðrum orðum til háskólanna. Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert og vissulega er þörf á að bæta hvort tveggja, launakjör háskólakennara og æðri menntun, ekki síst á sviði verk- og tæknimenntunar.



## Geta fyrirtækin ekki séð um sig sjálf?

En hvert eiga rannsóknastofnanir og fyrirtæki að leita stuðnings við sitt rannsókn- og þróunarstarf? Undanfarin ár hefur Tæknisjóður haft til ráðstöfunar um 200 mill.kr. á ári sem úthlutað hefur verið til fjölda verkefna svo að þar hefur verið þunnt smurt og svo mjög að mörg fyrirtæki telja vart ómaksins vert að leita eftir þeim stuðningi. Á sama tíma hafa fyrirtækin sjálf aukið eigin rannsókn- og þróunarstarf til muna og svo mjög að við höfum færst upp um mörg sæti að þessu leyti í samanburði við nágrannaþjóðirnar. Af þessu hafa menn greinilega dregið þá ályktun að atvinnulífið sé orðið sjálfbjarga að þessu leyti og tímabært að það standi á eigin fótum.

## Hér er ekki allt sem sýnir

Færri umsóknir frá fyrirtækum og aukin umsvif þeirra geta vissulega bent til þess að atvinnulífið sé orðið sjálfbjarga á þessu sviði. En er það svo? Hvað fyrirtækin varðar vege mikil umsvif Íslenskrar erfðagreiningar mjög þungt fyrir landið í heild. Á sama hátt breytti nýtt hafrannsóknaskip tölunum verulega hvað varðar framlög til rannsóknastofnana. Vissulega hafa mörg stærri fyrirtæki varið meira fé úr eigin rekstri til þessara mála í góðærinu en víða hefur því miður slegið snögglega í bak-

seglin síðustu misseri. Undanfarin ár hafa mörg sprotafyrirtæki, einkum á sviði upplýsingatækni, átt greiðari aðgang að áhættufé en nokkru sinni fyrr. Með hruni hlutabréfamarkaða innanlands og utan hefur hér einnig orðið mikil breyting á. Hætt er við að jafnvel vænlegustu sprotarnir muni visna og deyja þar sem allar peningauppsprettur þeirra hafa skyndilega þornað upp.

## Ótímabær breyting

Við þessar aðstæður er meira en lítið vafasamt að einmitt nú sé rétti tíminn til að loka fyrir fjárstreymi til rannsókn- og þróunarstarfs hjá fyrirtækjum og rannsóknarstofnunum sem þeim þjóna. Nú kann einhver að spyrja hvort ekki sé vel fyrir atvinnulífinu séð með stofnun nýs sjóðs, Tækniþróunarsjóðs, sem gert er ráð fyrir að taki við hlutverki Tæknisjóðs. Gallinn er bara sá að ekkert liggur fyrir um hvort þessi ný sjóður fær nokkurt fjármagn til ráðstöfunar og verður því eins og falletur en vatnslaus lækjarfarvegur. Við þetta hafa samtök atvinnurekenda SI og SA gert alvarlegar athugasemdir í sameiginlegri umsögn um frumvörpin. Þar er farið fram á að til þessara mála verði varið 800 – 1.000 milljónum á ári til að byrja með sem ráðstafað verði eftir mótaðri stefnu og á samkeppnisgrundvelli. Satt að segja virðast þessar tillögur afar hógværar í ljósi nýrra tillagna ríkisstjórnarinnar um sértækar aðgerðir á sviði lyfjaþróunar sem ekki eiga sér nokkra hliðstæðu í sögu lýðveldisins.

## Vinnubrögðin

EKKI verður skilið svo við þetta mál að ekki sé gert að umtalsefni hvernig þessa breytingu alla ber að. Ekkert samráð hefur verið haft við þá aðila sem staðið hafa að Rannsóknarráði og tekið þátt í sjálfboda-starfi á þess vegum t.d. í fagráðum. Engin stefnumótun hefur farið fram um það hver sé tilgangurinn með þessum breytingum. Loks tekur svo að venju steininn úr þegar frumvörpunum er skutlað inn til afgreiðslu á Alþingi. Þar ríkir hefðbundið tímahrak þar sem hvorki gefst eðlilegur tími til að leita umsagna né ræða við þá sem málið varðar enda liggur þingmönnum á að komast heim áður en sauðburður hefst.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

03/04. tbl. Mars/Apríl 2002

ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 15.04. 2002

Prentvinnsla: Prenttækni hf.

Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins

Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík

Sími: 511 5555, fax: 511 5566

Kennitala 511093-2019

www.si.is, e-mail: thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson

Ritstjóri: Haraldur D. Nelson

Efnisstjóri og umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Málfráðgjafi: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er fjálfald að nota efni úr

Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.

Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir

á að geta heimildar í slíkum tilfellum.

## Nýr starfsmaður SI



**Kristrún Heimisdóttir er tekin við starfi lögfræðings Samtaka iðnaðarins. Kristrún er þrítug að aldri og lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1998. Hún hefur sérhæft sig í Evrópu-rétti, meðal annars með lokaritgerð um fullveldi Íslands á tímum Evrópusamruna.**

Hjá SI sinnir Kristrún margháttaðri lögfræðilegri ráðgjöf og liðveislu við fyrirtæki og félög innan SI auk almennrar stefnumótunar um lögfræðileg efni. Hún hefur áður starfað sem lögfræðingur hjá Umboðsmanni Alþingis og Umboðsmanni barna en var síðast framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar – rannsóknasamfélags. Síðastliðið ár stundaði hún MA-nám í heimspeki sem Háskóli Íslands skipuleggur í samvinnu við University College í Cork á Írlandi og ritgerð hennar þar fjallar um „raunveruleikategsl lögfræðinnar,“ lög og daglegt líf fólks og fyrirtækja.

Kristrún tekur við starfi Ólafs Helga Árnasonar sem hefur látið af störfum hjá Samtökunum. Um leið og Samtökin þakka Ólafi Helga fyrir samstarfið bjóða þau Kristrínu velkomna til starfa.

## Nýir stjórnarmenn Samtaka iðnaðarins

### Fyrsta konan í stjórn SI



Það þótti teljast til tíðinda að kona var kjörin til setu í stjórn Samtaka iðnaðarins á Iðnþingi frá stofnun þeirra árið 1993. Hún heitir Halla Bogadóttir, er gullsmiður að mennt og rekur gullsmíðafyrirtæki og verslun í Reykjavík. Hún varð stúdent frá Verzlunarskóla Íslands, settist síðan í Kennaraháskólann og lauk B.Ed. prófi árið 1980. Eftir það starfaði hún sem kennari í 10 ár. Þá hóf hún nám í gull-

smíði og hefur unnið við iðnina undanfarin 6 ár.

Halla býr yfir margþættri reynslu af félagsstörfum. Hefur meðal annars átt sæti í fulltrúaráði Kennarasambands Íslands, gegnt starfi ritara í Félagi íslenskra gullsmíða og lét nýlega af formennsku í því félagi eftir fjögur ár. Halla segir að með framboði sínu hafi hún viljað að rödd einrykjans heyrðist í stjórn SI og hún hafi einnig áhuga á að kynna svonefndum þjónustugreinum og hinum almenna handverksmanni starf Samtakanna.

### Fyrsti dreifbýlismaðurinn í stjórn SI



Baldur Guðnason, er annar nýkjörinn stjórnarmaður Samtakanna og jafnframt sá fyrsti sem býr utan höfuðborgarsvæðisins. Hann er 36 ára Akureyringur og er að ljúka alþjóðlegu MBA námi frá

Háskólanum í Reykjavík.

Baldur er framkvæmdastjóri og aðal-eigandi Sjafnar hf. á Akureyri og framkvæmdastjóri Mjallar hf. sem er í meirihlutaeigu Sjafnar hf. Þá er hann starfandi stjórnarformaður Hörpu Sjafnar hf. og á auk þess sæti í stjórnnum Norðurmjólkur hf., Þekkingar Tristans hf. og Hlutabréfasjóðs Íslands hf. Baldur starfaði áður sem framkvæmdastjóri hjá Samskipum í fjórtán ár, þar af átta erlendis, í Þýskalandi og Hollandi.

## Iðnþing SI - framhald af forsiðu

Jósefsson, Gæðafæði ehf. og er þetta í þriðja sinn sem hann er kosinn formaður.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa fyrir hádegi kynnti Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SI, nýja viðhorfsrannsókn sem Gallup gerði fyrir SI meðal almennings um viðhorf til aðildar að ESB. Niðurstöðurnar voru mjög afgerandi. Meirihlutinn, 52% er hlynntur aðild en 25% eru ekki hlynnt og 23% eru hvorki hlynnt né andvíg. Óhætt er að segja að þessar niðurstöður og fleiri, sem komu fram í könnuninni, hafi vakið mikla athygli

og hleypt nýju blóði í Evrópumæðuna á Íslandi.

Eftir hádegi fluttu formaður SI og iðnaðarráðherra ræður. Auk þeirra fluttu fjórir valinkunnir menn erindi þar sem samkeppnisstaða Íslands var vegin og metin frá mismunandi sjónarhorni. Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, ræddi um samkeppnisstöðu Íslands í samfélagi þjóðanna, Steinþór Ólafsson, forstjóri Sæplasts hf., ræddi um hvað er í lagi í starfsumhverfinu og hvað þarf að bæta, Úlfar Steindórsson, framkvæmdastjóri

Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, fjallaði um fjármálakerfið og sprotafyrirtækin og að lokum fjallaði Baldur Gíslason, skóla-meistari Iðnskólans í Reykjavík, um stöðu og framtíð iðn- og verkmenntunar.

Iðnþing var fjölsótt og lauk með velheppnuðu árhófi um kvöldið undir styrkri veislustjórn Eids Haraldssonar, Háfelli ehf. Ræðumaður kvöldsins var Helgi Magnússon, HörpuSjófn hf. og vakti stormandi lukku.

*Jón Steindór Valdimarsson*





Ráðherra gat þess m.a. að óvenjumörg þingmál væru nú á vettvangi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis. Þeirra á meðal eru nýskipan opinbers stuðnings við vísindi og nýsköpun, tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir næstu fjögur ár, Kárahnjúkavirkjun og álver Norals á Reyðarfirði og þróun vaxtamála síðustu misseri.

#### Öllum atvinnugreinum verði þjónað jafnt

Þrjú frumvörp lúta að stefnumótun stjórnvalda um stuðning við vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun atvinnulífsins. Ráðherrann sagði m.a. að ekki færi milli mála að þar væri á ferðinni veigamikil breyting á málaflokki sem snerti mjög marga, einkum þau fyrirtæki sem stunda rannsóknir, vöruþróun og nýsköpun og fella megi í flokk þeirra fyrirtækja sem bera uppi vaxtarbrodda atvinnulífsins. Því sé mikilsvert að þessi breyting verði atvinnulífinu gæfuspor

#### Framkvæmdir við virkjanir

Tilgangur frumvarps til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar er að afla lagaheimilda fyrir Kárahnjúkavirkjun sem er nauðsynleg vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi sem áformað er að ráðast í á næstu árum. Ráðherrann telur að þær framkvæmdir hafi veruleg áhrif á þjóðfélagið í heild og mjög mikil á samfélagið á

**Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra:**

# Stjórnvöld styðji tækniþróun og nýsköpun

Mið-Austurlandi. Mikilvægt sé að hafa í huga að þessi verkefni muni leiða til þess að samfélag, sem nú einkennist af stöðnun og samdrætti í atvinnulífinu, eigi þess kost að breytast í samfélag uppgangs og afhafnasemi.

#### Markmiðið að jafna búsetuskilyrði

Ráðherrann sagði meginmarkmið stefnu í byggðamálum næstu ár m.a. þau að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks eftir búsetu, stuðla að eflingu sveitarfélaga og byggja upp trausta byggðakjarna. Auðvelda eigi byggðum landsins að rekta menningu sína og skapa fjölbreytta kosti fyrir borgarana í búsetu og lífsstíl og auka fjölbreytni í atvinnulífi, jafna starfskilyrði.

#### Samkeppni í framleiðslu og sölu rafmagns

Vonir standa til að frumvarp til orkulaga verði að lögum á þessu vori en það felur í sér endurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu á raforku.

Frumvarpið byggist að sögn ráðherra á nýjum viðhorfum í raforkumálum sem hafa verið að ryðja sér til rúms víða um heim á undanförunum árum. Þar er horfið frá einokun eins og unnt er en þess í stað markaður grunnur að markaðsbúskap. Í því felst að samkeppni verði komið á í framleiðslu og sölu rafmagns. Frá ársbyrjun 2004 ættu allir að geta valið þann raforkusala sem þeir vilja eiga viðskipti við.

#### Stefna í byggðamálum

Fyrir tveimur árum battust byggðamál á

könnu iðnaðarráðuneytisins. Stærsta verkefnið í þeim málaflokki hefur verið gerð tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum næstu fjögur ár. Helstu markmið áætlunarinnar eru m.a. að draga úr mismun lífskjara og afkomumöguleika fólks milli byggðarlaga, stuðla að eflingu sveitarfélaga, byggja upp trausta byggðakjarna og auka fjölbreytni í atvinnulífi.

Meðal annars er stefnt að því að láta gera heildarathugun á hver sé raunverulegur munur á starfsskilyrðum fyrirtækja og sjálfstætt starfandi atvinnurekenda eftir landssvæðum.

#### Engin einhlít skýring á auknum vaxtamun sl. ár

Í lok ræðu sinnar sagðist ráðherrann geta tekið undir áhyggjur Samtaka iðnaðarins af háum vöxtum enda séu þeir að sliga mörg skuldsett heimili og fyrirtæki. Á síðasta ári hafi álagning bankakerfisins á síðustu árum verið könnuð og niðurstaðan sé sú að vaxtamunur bankakerfisins hafi lækkað ár frá ári í 6 ár en á fyrri helmingi síðasta árs hafi hann hins vegar aukist án þess að á því sé einhlít skýring. Til að lækka vexti hér á landi skipti mestu máli að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum og ráða niðurlögum verðbólgunnar. Von sín sé sú að vaxtamunurinn minnki með aukinni samkeppni bankanna atvinnulífinu til hagsbóta.



Vilmundur Jósefsson, formaður SI:

# Starfsskilyrði fyrirtækja

Í upphafi máls síns ræddi Vilmundur nokkur helstu áhersluatriði stjórnar og ráðgjafaráðs Samtaka iðnaðarins á liðnu starfsári og sagði m.a. að auk Evrópumála og tilkomu evrunnar mætti draga höfuðmarkmið SI saman í eina setningu „Stöðugleikinn er það sem iðnaður þarfnast umfram allt annað.“ Hann byggist á að losna við sveiflur í gengi, vöxtum og fjármagns-kostnaði og að vextir lækki því að íslensk fyrirtæki þoli ekki til lengdar að búa við tvöfalda vexti miðað við keppinautana og minnkandi verðbólga gefi fullt tilefni til vaxtalækkana.

Vilmundur fagnaði lækkun tekjuskatts á fyrirtæki en taldi einnig brýnt að afnema stimpilgjöld og eignarskatt en einnig vörugjöld sem feli í sér tvöfalt kerfi neysluskatta. Samræmdar reglur eigi að gilda um innkaup ríkis og sveitarfélaga og arðsemi að ráða framkvæmdum. Þess verði að gæta að beita verklegum framkvæmdum til að draga úr sveiflum í stað þess að ýta undir þær.

## Framtíðarsýn

Þá gat Vilmundur þess m.a. að á undanförunum árum hafi SI lagt talsverða vinnu í að móta iðnaðinum framtíðarsýn og Samtökin eigi að móta sér stefnu um það hvernig við viljum að íslenskt atvinnulíf líti út eftir 5 eða 10 ár en ekki hvernig við höldum að það líti þá út. Á mestu verðbólguárum síðustu aldar hafi lítið verið um áætlanagerð og efnahagsstjórnin hafi verið í samræmi við það með stöðugum inn-gripum til að mæta yfirvofandi neyðar-ástandi.

Stundum sé eins og við áttum okkur ekki á því hve mikið efnahagslífið hefur

breyst. Ráðamenn þjóðarinnar tali jafnvel enn um að við lifum á fiskveiðum þó að fiskveiðar og fiskvinnsla séu aðeins um 10% af landsframleiðslu ársins 2000 og að hlutur sjávarafurða hafi verið 38% af útflutningstekjum vöru og þjónustu það ár en ekki 80% eins og flestir haldi.

## Heimatilbúinn vandi

Vilmundur sagði að árin 1994 – 2000 hefðu verið lengsta hagvaxtarskeið sögu íslenska lýðveldisins. Við vildum trúá því að verðbólga, gengisfellingar, gjaldþrot og atvinnuleysi heyrðu sögunni til og flutum því sofandi að feigðarósi. Laun og annar kostnaður hafi hins vegar hækkað langt umfram framleiðni aukningu og umfram það sem keppinautar okkar búa við.

Samkeppnisstaða okkar hafi því versnað til muna og gífurlegur viðskiptahalli fylgt í kjölfar aukinnar neyslu. Vaxtahækk-anir sem komu of seint kyntu undir verðbólgu fremur en draga úr henni. Vilmundur sagði efnahagsvandann heimatilbúinn og við yrðum sjálf að koma okkur út úr honum. Hann fagnaði því samkomulagi sem tókst milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda í desember sl. og hvatti félagsmenn SI til að gæta fyllsta aðhalds í öllum rekstri sínum því að mikið væri í húfi að ná tök um á verðbólgunni.

## Samkeppnismál og einkavæðing

Þá gerði formaðurinn samkeppnismál að umtalsefni. Íslenski markaðurinn sé smár og fákeppni og jafnvel einokun einkenni hann á mörgum sviðum s.s. flutningum, olíusölu, tryggingum og bankastarfsemi en slíkt sé aldrei til góðs. Slík fyrirtæki eigi ekki að brjóta upp heldur auka eftirlit með þeim og enn mikilvægara sé að greiða fyrir erlendri samkeppni og fjárfestingu á þess-



um sviðum til að tryggja nauðsynlega samkeppni sem bráðvantar í íslensku atvinnulífi. Þá verði að tryggja að umhverfi viðskiptalífsins lúti sömu reglum og annars staðar í Vestur-Evrópu. Fyrir getum við ekki vænst þess að ná bærilægum tókum á fákeppni og einokun á Íslandi.

Vilmundur sagði að á undanförunum árum hefði dregið nokkuð úr ríkri þátttöku ríkis- og sveitarfélaga en hvergi nærri nóg. Taka verði á þeim málum af miklu meiri festu en hingað til. Allur slíkur rekstur, s.s. bankakerfið, Landssíminn og ÁTVR, sé miklu betur kominn í höndum einkaaðila sem beri á honum fulla ábyrgð.

## Iðn- og tæknimenntun hornreka

Þá vék Vilmundur máli sínu að iðn- og tæknimenntun sem hann telur hornreka í íslensku skólakerfi. Tölvu- og hátækni-iðnaður hafi að vísu vaxið hér hröðum skrefum undanfarin ár en við stöndum ekki öðrum þjóðum á sporði í framleiðni á klukkustund og starfs-, iðn- og tækni-menntuðu fólki fari fækkandi. Við byggjum ekki upp tæknivæddan iðnað án þess að mennta fólk til starfa þar.

## Smáþjóðum í Evrópusambandinu hefur vegnað vel

Vilmundur taldi athyglisvert að skoða hvernig fámennustu ríkjunum innan ESB hefur vegnað og hver viðhorf íbúa þeirra eru til aðildarinnar þegar við hugum að því





hvar við viljum skipa okkur í sveit í samfélagi þjóðanna en þau eru Lúxemborg, Finnland og Danmörk. Þá kemur í ljós að yfirgnæfandi meirihluti Lúxemborgara og Íra telur að aðildin að ESB sé góð, 60% Dana eru jákvæð en 37% Finnar telja aðildina góða en álíka margir hvorki góða né slæma. Ekki sé annað að sjá en að þessum þjóðum hafi vegnað vel innan ESB og það megi staðfesta með nokkrum tölum. Hagvöxtur þeirra var rúm þrjú til tíu prósent á árunum 1997 til 2001, einu mesta vaxtartímabili sem orðið hefur á Íslandi en samt náðum við ekki sama árangri og flest þessi ríki Meðaltal stýrivaxta var á bilinu fjögur til fimm prósent en rúm 9 prósent hjá okkur, eða helmingi herra. Vilmundur sagðist með þessu rökstyðja að það sé bábilja að halda því fram að aðild henti ekki smárikjum. Þessar þjóðir hafi hvorki verið sviptar frelsi sínu né fullveldi hvað þá að helstu hagsmunir þeirra hafi verið fótum troðnir og það sé ekkert sem bendi til annars en að hið sama muni gilda um okkur.

#### Evrar og óstöðug króna

Vilmundur sagði tilkomu evrunnar sem

myntar um áramótin í 12 af 15 ESB löndum hafa verið stærsta skrefið sem stigið hafi verið í þá átt að auðvelda viðskipti á ESB svæðinu. Sameiginleg mynt auðveldi öll viðskipti en það sé vissulega áhyggjuefni fyrir okkur að njóta ekki gengisstöðugleika og lægri vaxta líkt og keppnautar okkar innan ESB. Veikur og óstöðugur gjaldmiðill fæli frá erlenda fjárfesta en varleg áætlun bendi til að við greiðum u.þ.b. 24 milljarða á ári í aukakostnað sem rekja megi til krónunnar. Það sé lífseigur misskilningur að Íslendingum og íslenskum fyrirtækjum komi best að búa við allt aðrar leikreglur og starfskilyrði en aðrar þjóðir. Reynslan af EES samningnum sanni að okkur henti best að búa við skýrar leikreglur, stöðugt verðlag og gengi og eðlilegt vaxtastig en það fáum við ekki meðan við höldum í íslensku krónuna.

#### Þjóðin veit hvað hún vill

Í niðurlagi ræðu sinnar skýrði Vilmundur frá niðurstöðum könnunar sem PriceWaterHouseCoopers gerði í febrúar um afstöðu Íslendinga til ýmissa atriða varðandi aðild að ESB. Þar sögðust 52% hlynnt aðild en 25% andvíg og hafði þeim

sem eru hlynntir aðild fylgjað um 9 prósentustig á einu ári. 55% sögðust hlynnt því að taka upp evru en 33% andvíg, tæp 67% töldu það gott fyrir efnahag Íslands að ganga í ESB en rúm 90% sögðust hlynnt því að taka upp aðildarviðræður við ESB til að ganga úr skugga um hvað Íslendingum stendur til boða við aðild. Hver könnunin á fætur annarri sýni svo að ekki verði um villst hvað þjóðin vilji í þessum efnum og félagsmenn SI séu sömu skoðunar skv. könnun sem gerð var sl. haust.

#### Ekki eftir neinu að bíða

„Niðurstaða SI er sú að hefjast eigi handa enda ekki eftir neinu að bíða. Því fyrir sem við tökum af skarið því betra. Þá verður ljóst hvert við ætlum og hvaða árangri við þurfum að ná í efnahagsmálum til þess að taka upp evruna. Þetta mun hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið, örva fjárfestingar, auka stöðugleika og lækka vexti. Við þurfum að vinna markvisst að því að uppfylla skilyrði fyrir aðild að efnahags- og myntbandalagi Evrópu. Sú ákvörðun ein að sækja um aðild að Evrópusambandinu mun koma að miklu gagni í þeim efnum,” sagði Vilmundur að lokum.



*Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra:*

# Samkeppnisstaða Íslands í samfélagi þjóðanna

Ráðherrann sagði umrót undanfarinna mánaða í kjölfar hryðjuverkanna 11. sept. hafa haft viðtæk áhrif í alþjóðaviðskiptum og því væri ríkari ástæða en oftast áður að huga að samkeppnisstöðu Íslands sem muni marka velmegun okkar og framtíð umfram flest annað.

## Samkeppnisstaða og hnattvæðing

Ráðherrann sagði m.a. að frjáls og opin milliríkjavíðskipti séu forsenda þeirrar hagsældar sem við búum við hér á landi og stjórnvöld og atvinnulífið séu samherjar í að skapa þær aðstæður. Víðskipti milli landa séu háð reglum sem eiga sér stöð í samningum margrar ríkja sín í milli. Þeir eigi það sammerkt að veita útflutningsfyrirtækjum tækifæri til sóknar á erlendum mörkuðum og er ætlað að stuðla að frjálsum viðskiptum.

## Samningar um fríverslun, tvísköttun og fleira

EFTA hafi á undanförunum árum gert verulegt átak í gerð sérstakra fríverslunarsamninga sem séu viðbót eða gangi lengra en samningar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og nú verði senn í gildi 18 slíkir samningar vítt og breitt um heiminn. Á næstunni sé gert ráð fyrir að samningar náist við Chile og Canada og samningaviðræður við Suður-Afríku séu framundan.

## EES – samningurinn

Utanríkisráðherra telur EES-samninginn mikilvægasta samning okkar enda sé ljóst að innri markaður EES sé mikilvægasti markaður okkar. Nauðsynlegt sé að tryggja stöðu okkar sem best á þeim markaði þar sem ætla megi að mikilvægi hans aukist í takt við aukna hagsæld í nýjum aðildarríkjum. Fjárfestingar milli landa á svæðinu séu að mestu frjálsar, fjármagn í frjálsu flæði svo og vörur og fólk. Aðildarríki innri markaðarins séu í innbyrðis samkeppni og fyrirtæki keppa án tillits til landamæra. Því sé enn mikilvægara en ella að stjórnvöld tryggja að hér á landi séu allar aðstæður sambærilegar því sem gerist á

EES-svæðinu.

## Áhrif alþjóðasamninga

Utanríkisráðherra sagði m.a. að alþjóðasamningar tryggi íslenskum fyrirtækjum erlendum mörkuðum, kjör sem eru með því besta sem gerist en það sé undir fyrirtækjunum komið hvernig þau nýta tækifæri af þessu tagi. Hins vegar sé það hlutverk stjórnvalda að vera þeim stöð og stytta svo að þau megi nýta þau tækifæri sem þessir samningar þjóða.

## Þjónusta við útflytjendur

Ráðherrann sagði að utanríkisþjónustan veiti fólk og fyrirtækjum margvíslega þjónustu. Meginmarkmið í uppbyggingu hennar undanfarin ár hafi verið að styrkja þá þætti sem snúa að utanríkisviðskiptum og þar með þjónustu við útflytjendur. Víðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins sé dæmi um þjónustu sem veiti útflytjendum mikilvæga aðstoð við að koma vörum og þjónustu á markað erlendis.

## Hagvöxtur og útflutningur

Ráðherrann sagði að með sífelldu opnari markaði verði mikilvægara að umgjörð atvinnulífsins hér á landi sé á við það besta sem gerist í samkeppnislöndum okkar. Erfitt verði að halda stöðu okkar í hópi fremstu iðnríkja heims nema hagvöxtur verði á næstu árum meiri en hann hefur verið síðustu tvo áratugi og forsenda þess að ná því markmiði sé sterk samkeppnisstaða Íslands. Til að styrkja hana sé nauðsynlegt að viðhalda hagstæðu og stöðugu raungengi krónunnar og í því efni sé almennur stöðugleiki í efnahagsmálum lykilatriði.

## Evrann og Ísland

Utanríkisráðherra sagði að með fullri gildistöku evrunnar hafi stórum áfanga verið náð í samstarfi aðildarríkja ESB á innri markaði. Flest bendi til að þau aðildarríki ESB sem enn standa utan evrunnar taki hana upp innan fárra ára en um leið sé ljóst að evran leiki stórt hlutverk í íslensku efnahagslífi. Evran feli í sér að ríkjum séu



settar skorður um stjórn efnahagsmála og tilteknum aðgerðum eins og í gengismálum verði ekki lengur beitt til að jafna sveiflur. Þjóðhagsstofnun hafi áætlað að verði evran tekin upp hér á landi kunnir raunvaxtastig að lækka um eitt og hálf til tvö prósentustig eða um 15 milljarða króna á ári og lækkan vaxtakostnaðar hefði í för með sér að landsframleiðslan yrði 25 milljörðum meiri en ella eftir 25 ár.

## Umráður um hugsanlega aðild

Undir lok ræðu sinnar vék utanríkisráðherra máli sínu að umræðunni um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Hinn sameiginlegi gjaldmiðill verði að sínu mati mesti áhrifavaldurinn í þeirri umræðu. Stóra spurningin sé hvort Ísland þoli til lengdar þá skertu samkeppnishæfni sem kynni að fylgja því að standa utan evrunnar og spurði m.a. hvort við séum tilbúin að setta okkur við það að heimilin í landinu þurfi að bera meiri vaxtabyrði af þessum sökum

## Eigin gæfu smiðir

Utanríkisráðherra sagði markvissar aðgerðir hafa skapað forskundur fyrir þeirri sókn sem verið hefði í íslensku efnahagslífi undanfarin ár. Að viðhalda þeirri stöðu krefjist þess að við höldum vöku okkar og það eigi bæði við fyrirtæki og stjórnvöld. „Í þessum efnum erum við Íslendingar eigin gæfu smiðir en ekki verður horft fram hjá því að ytri aðstæður hafa sterk áhrif á efnahagslegar forskundur hér á landi. Því verðum við að fylgjast grannt með þróun mála og meta sífelldu stöðu okkar í samkeppni þjóðanna. Þar skiptir Evrópa og innri markaðurinn mestu máli. Þar ræðst framtíði iðnaðarins, þar ræðst framtíð Íslands.“





**Í erindi sínu fjallaði Steinþór um útflutning á framleiðsluvörum og hugviti eins og hann horfir við Sæplasti en fyrirtækið hefur flutt út framleiðsluvörur sínar frá 1985 og útflutningurinn aukist ár frá ári. Sæplast rekur söluskrifstofur víða um heim. Þar starfa 220 af 260 starfsmönnum þess og þaðan koma 90% af tekjum þess.**

### Helstu kostir við rekstur hérlandis

Steinþór gat þess m.a. að ýmsar aðgerðir hins opinbera, s.s. í skattamálum hafi lagað samkeppnisstöðu íslenskra iðnfyrirtækja talsvert á síðustu misserum og það geri rekstur þeirra hér á landi mun fýsilegri kost en áður. Meðal annarra jákvæðra þátta í rekstri Sæplasts hér á landi nefndi hann m.a. að sveigjanleiki í starfsmannahaldi sé meiri en annars staðar, starfsmenn séu meðvitaðri um gang fyrirtækisins og þeir séu reiðubúnir að leggja mikið á sig til að því vegni sem best. Þá sé vinnutíminn sveigjanlegri en t.d. í Noregi og Kanada og mikilvægt sé að viðhalda og jafnvel auka þann sveigjanleika. Almenn þekking, hátt menntunarstig og gæðavitund starfsfólks skipti miklu máli og skriffinnska hér á landi sé hverfandi lítil miðað við það sem hann þekki til annars staðar.

**Steinþór Ólafsson, forstjóri Sæplasts hf.:**

# Hvað er í lagi og hvað þarf að bæta?

### Helstu ókostir

Þá vék Steinþór máli sínu að þáttum í fyrirtækjarekstri hér á landi sem betur mega fara og nefndi fyrst smæð heima-markaðarins sem hann telur helsta veikleikann í íslenskum iðnrekstri, einkum hvað varðar vörupróun og arðsemi af rekstri. Fjarlægðin frá mikilvægustu mörkuðum skapi einnig mikið óhagræði en til að draga úr því hafi Sæplast í auknum mæli komið á fót söluskrifstofum á helstu markaðssvæðum sínum til að skapa nálægð og öflug tengsl sem séu nauðsynleg til að halda við góðum viðskiptasamböndum og mynda ný.

Steinþór telur afar mikilvægt að stjórnvöld tryggji með samningum að hagsmunir íslenskra fyrirtækja gagnvart evrópskum keppinautum verði tryggðir. Að hans mati tryggji EES-samningurinn ekki að fullu framtíðarhagsmuni íslenskra fyrirtækja á markaði í Evrópu og athugandi sé hvort hagsmunum okkar sé ekki best borgið innan Evrópusambandsins. Steinþór telur íslensku krónuna mjög veikan gjaldmiðil og því sé áleitinn spurning hvort taka eigi upp evruna. Hér ríki fákeppni á fjármála-markaði og hún endurspeglar í háum vaxtagjöldum sem íslenskur iðnaður geti ekki staðið undir til lengdar.

Þá gerði Steinþór hækkun flutningsgjalda til og frá landinu að umtalsefni og sagði að á þeim þætti yrði að taka með öllum tiltækum ráðum enda búi íslensk fyrirtæki við hæstu farmgjöld við norðanvert Atlantshaf. Steinþór telur að viðskiptahindranir muni falla ein af annarri en bankakerfið verði líka að vera með á nót-

unum og auðvelda íslenskum fyrirtækjum að sækja út á erlenda markaði með því að eiga samstarf við erlendar fjármálastofnanir.

Hann sagði fyrirtæki búa við lakari samkeppnisskilyrði úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu og sagðist gera þá kröfu að stjórnvöld gerðu þeim jafnhátt undir höfði, t.d. með því að leggja af tvöfalda innheimtu uppskipunar- og vörugjalda og þungaskatt af landflutningum.

### Sóknarfæri erlendis

Að mati Steinþórs eru helstu sóknarfærin fölgin í framleiðslu á erlendri grund og í mörgum tilvikum kunni að vera hagkvæmara að hluti starfseminnar fari fram erlendis þótt efla eigi framleiðsluna hér heima eins og kostur er. Hann velti fyrir sér af hverju fleiri íslensk fyrirtæki hafi ekki komið sér fyrir erlendis. Á því séu ýmsar skýringar en þar felist mikil tækifæri geti nýst okkur til frekari vaxtar á næstu árum.

### Gott starfsfólk

Að lokum sagði Steinþór að öflugt iðnfyrirtæki byggist fyrst og síðast á þeim mannaði sem í því býr. Íslendingar eigi gott og vel menntað starfsfólk sem sé sveigjanlegt og fljótt að tileinka sér tækni-nýjungar. Mikilvægt sé að leggja áherslu á að við nýtum gott vinnuafli okkar í arðsöm verkefni. Ef hagkvæmni sé fölgin í að flytja tiltekna framleiðsluþætti úr landi þá eigum við ekki að vera feimin við það.





Úlfar Steindórsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs:

# Fjármálakerfið og sprotafyrirtækin



Í erindi sínu fjallaði Úlfar um þann vanda sem sprotafyrirtæki eiga í varðandi fjármögnun og hvernig taka mætti á honum. Hann gat þess m.a. að nýjum fyrirtækjum hefði fjölgað mjög ár árunum 1998 til 2000 en þá voru skilyrði til stofnunar og fjármögnunar fyrirtækja mjög góð hér á landi en nú hafi sýrt í álinn þar sem verulega hafi dregið úr framboði áhættufjármagns.

Fjárfestar virðist mun varkárari en áður enda hafi gengið misvel hjá þeim fyrirtækjum sem fjárfestar komu að. Því sé nú komin upp eins konar pattstaða í fjármögnun, rekstri og framkvæmd nýrra viðskiptahugmynda og fyrirtækja. Skoða þurfi í fullri alvöru að koma upp samstarfsvettvangi fjárfesta, bankakerfisins, hins opinbera og sprotafyrirtækja til að reyna að skilgreina í sameiningu það umhverfi sem hægt væri að segja að væri fyrirtækjavænt.

Úlfar sagði m.a. að reynsla Nýsköpunarsjóðs af nýfjárfestingum sé að sumu leyti svipuð reynslu annarra en hún sýni að gera verði ráð fyrir að það taki t.d. lengri tíma að hleypra nýju fyrirtæki af stokkunum, meira fjármagn þurfi til að hrinda hugmynd í framkvæmd, og arðsemin sé minni en áætlað var ef hún geri það á annað borð.

## Stutt reynslusaga sprotafyrirtækis

Úlfar sagði stutta reynslusögu íslensks fyrirtækis sem var stofnað árið 2000 en

það hannar og markaðssetur vörur á alþjóðamarkaði undir eigin vörumerki.

„Hönnun og markaðssetningu er stýrt frá Íslandi en framleiðslan fer fram í Kína. Varan hefur fengið frábærar viðtökur, söluáætlanir staðist og framtíðarhorfur bjartar. Eina vandamál fyrirtækisins er fólgið í fjármögnun á framleiðslunni sem þó er búid að selja fyrirfram.“

Í viðskiptabanka þess fengust þau svör að hann kæmi ekki að fjármögnun afurða nema þær væru fiskur þar sem afurðalán hefðu hingað til nær eingöngu verið veitt vegna fiskisölu en bankinn bauðst hins vegar til að lána fyrirtækinu þá peninga sem þyrfti til að framleiða vörurnar sem það var búid að selja gegn því að fyrirtækið útvegaði fyrst samsvarandi fjárhæð og geymdi inni á reikningi í bankanum. „Með öðrum orðum hann var reiðubúinn til að lána fyrirtækinu peninga um leið og það væri orðið það fjársterkt að það þyrfti ekki á bankanum að halda.“

Fyrirtækinu hafi að vísu verið tekið kurtislega þegar það hefur leitað til annarra fjármálastofnana en jafnan fengið þau svör að ekki sé unnt að veita því fyrirgreiðslu nema fá handveð í reiðufé eða fasteign frá þeim sem að því standa þótt stofnanirnar segist hafa trú á fyrirtækinu og óski því alls hins besta.

## Viðtækt samstarf til að skapa góð rekstrarskilyrði sprotafyrirtækja

Úlfar gat þess að Nýsköpunarsjóður væri að þróa nýja þjónustu sem gæti leyst

þarfir sprotafyrirtækja að hluta en sjóðurinn væri ekki banki og sinni því ekki þessu hlutverki. Evrópusambandið hafi haft frumkvæði að svonefndu „Hringborði með þátttöku fjármálafyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja.“ Hugmyndin sé sú að stefna saman þeim sem styðja lítil og meðalstór fyrirtæki til að ræða umhverfi þeirra og hvernig það megi bæta. Stefnit verði saman fulltrúum fjármagns, ríkis, hagsmunaaðila og fyrirtækjanna sjálfra. Tilgangurinn sé í stuttu máli sá að koma á fyrirtækjavænu fjármálaumhverfi þar sem markmiðið sé að skapa þau skilyrði í umhverfinu sem fyrirtækjunum nýtist best. Að mati Úlfars ættu allar forsendur að vera hér á landi fyrir að menn taki höndum saman á þessum vettvangi í þeim tilgangi að byggja upp öflugt umhverfi sem hafi það eitt að leiðarljósi að skapa fyrirtækjunum eðlileg og samkeppnishæf rekstrarskilyrði sem jafnist á við það besta sem þekkist annars staðar.





Á Iðnþingi fjallaði Baldur Gíslason, skólameistari Iðnskólans í Reykjavík um stöðu og framtíð iðnmenntunar á Íslandi og kom víða við. Hann telur mikilvægt að atvinnulíf og skólar setji sér sameiginleg markmið og skapi iðn- og starfsmenntun nýja ímynd. Þá leggur Baldur áherslu á að aðstaða í skólum og á vinnustöðum verði bætt, endurmenntun kennara verði aukin og að skólar komi meira að vinnu við námskrágerð er nú er.

#### Áhrif iðnaðarins á þróun starfsmenntunar

“Næstu hálföld, eða frá stofnun Iðnskólans í Reykjavík, var iðnmenntun að mestu undir stjórn iðnaðarmanna og reyndist þeim þungur fjárhagslegur baggi. Allt frá stofnun skólans hefur iðnaðurinn haft mikil áhrif á hvernig nám í iðn- og starfsmenntun hefur þróast hér á landi. Með nýjum lögum um Iðnskólann, sem sett voru árið 1955, tóku ríki og borg við rekstri skólans en mikil áhersla lögð á að tengsl atvinnulífsins og skólans.”

#### Dregið hefur úr áhrifum skólanna á námstilhögun

Í máli Baldurs kom skýrt fram að með nýjum lögum um framhaldsskóla, sem sett voru árið 1996, dró úr áhrifum skólanna á innihald og tilhögun námsins. Hann nefndi sem dæmi að í 14 starfsgreinaráðum, sem m.a. er ætlað að gera tillögur um tilhögun um hvernig eigi að byggja upp námið og semja námskrá og hafa eftirlit með gæðum kennslu og námsefnis, sitji enginn fulltrúi skóla nema menntamálaráðherra hafi tilnefnt skólaman sem sinn fulltrúa. Mikil hafi skort á að starfsgreinaráðin hafi sinnt hlutverki sínu sem skyldi.

#### Atvinnulíf og skólar vinni saman

Baldur vitnaði í aðalnámskrá framhalds-

**Baldur Gíslason, skólameistari Iðnskólans í Reykjavík**

# Staða og framtíð iðn- og verkmenntunar

skóla sagði m.a. að skil milli almennrar menntunar og starfsmenntunar verði stöðugt óljósari og að bóknað og verknám beri að þróa samhliða en ekki sem andstæður og lögð skuli aukin áhersla á samskipti skóla og atvinnulífs og samstarf við mótun námsins.

#### Of fáir nemendur leggja stund á iðn- og starfsnám

Helsta áhyggjuefnið hvað varðar þróun iðn- og starfsmenntunar er hve fáir innritast í slíkt nám. Árin 1956–60 voru 37% nemenda í framhaldsskólum í iðn- og starfsnámi en undanfarin ár hefur sigið á ógæfuhliðina og nú er hlutfallið komið niður fyrir 20%. Hins vegar má geta þess að um 90% hvers árgangs fara í framhaldsnám og hefur fjölgað um 20% á 30 árum en þeim nemendum sem leggja stund á iðn- og tæknimenntun hefur ekki fjölgað í sama hlutfalli. Fjöldi nemenda, sem útskrifast úr iðn- og tækninámi, hefur þó verið að mestu óbreyttur síðustu 20 árin.

#### Hvað ræður hvernig iðnnám þróast?

Baldur segir að fjárhagsstaða skólanna hafi verið erfið. Margir þeirra eigi í verulegum erfiðleikum og eigi erfitt með að skinna skyldum sínum. Fjárframlag til framhaldsskóla sé reiknað með reiknilíkani en til þessa hafi vægi verknáms í því líkani verið fjarri því að vera fullnægjandi. Blandaðir starfs- og bóknaðsskólar hafi einkum komið illa út úr líkaninu en nú hafa verið kynntar breytingar á því sem lofa góðu að mati Baldurs. Það sem til þessa hefur valdið erfiðleikum er að iðn- og verknámsskólar þurfa mikið fjármagn til tækjakaupa og ennfremur að námshópar eru, eðlis námsins vegna, miklu fámennari en í bóknaðsskólum. Skólarnir hafa hins vegar verið of íhaldssamir og ekki lagað sig að breyttum tímum. Ekki síst þurfi þeir að tileinka sér meiri markaðs- og samkeppnishugsun.

#### Breytinga er þörf

„Naudsyn er að koma á fót nýjum

námsbrautum fyrir atvinnulífið,” segir Baldur. Þeir skólar sem hafi reynt að koma á fót nýjum námsbrautum hafi oft mætt andstöðu fagfélaga. Þar er verk að vinna að mati Baldurs. Skoða þurfi stöðu lög- giltrá iðngreina því að samfélagið taki hröðum breytingum og löggilding iðngreina þarfnist því endurskoðunar. Nýjar námsbrautir séu fáar og starfsnámið byggist að mestu á hefðbundnum iðngreinum en vaxtarbroddinn sé að finna í hönnun, listum og tölvugreinum.

Þá telur Baldur að atvinnulífið og skólarnir eigi vinna saman að endurmenntun. „Atvinnulífið á að skipuleggja endurmenntunina en láta skóla bjóða í framkvæmdina. Endurmenntunarstofnanir og dagskólar geta samnýtt tæki, búnað og jafnvel kennara en síðast en ekki síst húsnaði svo að óþarft ætti að vera að byggja fleiri skólafundur í þessu skyni.”

#### Hvernig má bæta stöðu starfs- og iðnmenntunar?

Baldur telur mikilvægt að atvinnulífið og skólarnir setji sér sameiginleg markmið og vinni saman ef árangur eigi að nást. Samkeppnishæfni iðn- og starfsmenntunar verði að tryggja því að mikil samkeppni ríki um nemendur. Bæta þurfi aðstöðu í skólum og á vinnustöðum og auka endurmenntun kennara. Síðast en ekki síst þurfi að skilgreina þarfir morgundagsins og tryggja beinni þátttöku skólanna í skipulagningu námsins enda nauðsynlegt að þeir, sem eiga að framkvæma breytingarnar, taki þátt í að móta þær. Ýmsu þurfi að breyta í starfi skóla, ekki síst að hverfa frá eininga- og tímabundinni viðmiðun í kennslu. Þess í stað eigi að skilgreina verk- in þannig að nemendur geti lokið námi á mun skemmri tíma en nú tíðkast og spara þar með stórfé. Þá þurfi að gera stórátak til að skapa nýja iðn- og starfsnámi nýja ímynd og þar geti Samtök iðnaðarins og Iðnskólinn snúið bökum saman.

# Sjálfbær þróun á Íslandi

Landvernd og Umhverfisstofnun Háskóla Íslands héldu málstofu um sjálfbæra þróun mánudaginn 8. apríl í Háttársal Háskóla Íslands. Tílefnið var að tíu ár er liðin frá heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Rio de Janeiro. Hér á eftir er samandregið erindi Þorsteins Þorgeirssonar, hagfræðings SI, sem fjallaði um árangur iðnfyrirtækja og áherslur Samtaka iðnaðarins í umhverfismálum.

Þorsteinn minnti á mikilvægi hagvaxtar að tryggja lífsgæði en að um leið þyrfti efnahagsstarfsemin að uppfylla umhverfiskilyrði til að ná fram markmiðum um sjálfbæra umhverfisþróun. Í þessu samhengi reifaði Þorsteinn þann mun sem er á sjálfbærri þróun hagkerfisins og umhverfisins. Þótt hvort tveggja sé nátengt er mikilvægt að aðskilja þessi hugtök. Þegar hagfræðingar tala um *sjálfbæra hagþróun* merkir það að ná fram sem mestum hagvexti til langs tíma án þess að verðbólga fari úr böndunum. *Sjálfbæra umhverfisþróun* má skilgreina á svipaðan hátt eða það að ná fram sem mestum hagvexti til langs tíma án þess að draga úr gæðum umhverfisins. Í báðum tilvikum þarf að vinna innan tiltekinna marka til að vel fari.

Þorsteinn sagði að viðhorf atvinnulífsins til umhverfismála hefðu tekið marktækum breytingum á síðustu árum og nefndi nokkur íslensk iðnfyrirtæki sem hafa náð lofsverðum árangri á sviði umhverfismála:

- Íslenska álfélagið hefur dregið mikið úr losun gróðurhúslofttegunda (koldíoxíð og flúorkol-efni) síðan 1990. Það fékk fyrst íslenskra fyrirtækja vottun samkvæmt ISO-14001 staðlinum á umhverfisstjórnarkerfi sínu og þar er jafnframt unnið mikið rannsóknastarf á sviði umhverfismála.
- Mjólkursamsalan hefur unnið mikið í sínum umhverfismálum og fékk t.d. Umhverfisviðurkenningu Reykjavíkurborgar í fyrra.
- Þrjár prentsmiðjur hafa hlotið umhverfisviðurkenningar Reykjavíkurborgar: Prentsmiðjan Oddi árið 1997, Árvakur - útgáfufélag Morgunblaðsins árið 1999 og Prentsmiðjan Hjá Guðjóni Ó árið 2000. Umslag var tilnefnt á síðasta ári. Prentsmiðjan Hjá Guðjóni Ó er fyrsta íslenskra prentsmiðjan til að hljóta Norræna umhverfismerkið, Hvíta svaninn.
- Á síðasta áratug hefur byggingariðnaðurinn stórauikið kerfisbundna losun á byggingarúrgangi og breytt efnisnotkun, t.d. er steinullin smám saman að leysa frauðplast af hólmi.
- Jarðvinnuverktakar styðja upptöku olíugjalds í stað þungaskatts en það mun leiða til meiri nýtni í olíunotkun og ýta undir kaup á nýjum jarðvinnutækjum sem eyða minni olíu.
- Íslensk málningarfyrirtæki eru framarlega í að minnka notkun leysiefna og svokallaðir hormónahermar eru nú horfnir úr málningarvörum.

Að mati Þorsteins er best ef hægt er að nota hagrænar leiðir til að leysa umhverfismálin. Umhverfisverkefni fjármögnuð



með þjónustugjöldum, eins og spilliefnagjaldið, hafa reynst hagkvæm og skilvirk til að fyrirbyggja mengun. Vottun af ýmsu tagi hefur einnig gefið góða raun við að fá fyrirtæki til að laga rekstur sinn að umhverfiskröfum. Slíkar leiðir eru vænlegri til árangurs en umhverfisskattar eða boð og bönn.

Til að tryggja sjálfbæra þróun þarf stöðugt að fjárfesta í nýrri tækni sem gerir meiri hagvöxt mögulegan á grundvelli minni hráefninotkunnar. Á heimsvísu eru framleiðsla og neysla hins vegar enn að aukast hraðar en aukin nýtni hráefna. Það er því enn löng leið að settu marki og núverandi aðferðir eru hugsanlega ekki nægar. Það þarf að breikka sviðið. Ekki er er nóg að horfa bara til atvinnulífsins eða hins opinbera, heldur þurfa heimilin einnig að koma að málinu í ríkari mæli. Það þarf að ramma aðgerðirnar innan hinna þriggja stöða: Umhverfis, hagkerfis og þjóðfélags.

Þorsteinn taldi að aðstæður væru ekki svo sérstakar hér á landi að beita þurfi öðrum aðferðum en gengur og gerist í iðnvæddum ríkjum. Mikilvægt sé að aðgerðir hérlendis taki mið af því sem er að gerast erlendis svo að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja skekkist ekki. Í allri ákvarðanatöku sé mikilvægt að gæta þess að umhverfisþættir séu í góðu jafnvægi við efnahagslega og samfélagslega þætti til að tryggja að markmið náist um hámarks hagvaxtar, atvinnustigs og umhverfisgæða.





# Intercoiffure þingar í Reykjavík

Norðurlandþing Intercoiffure, heimsamtaka hárgreiðslumeistara, verður haldið á Grand Hótel Reykjavík dagana 31. maí til 1. júní. Íslandsdeild Intercoiffure hefur allan veg og vanda af undirbúningi þingsins en þetta er í annað sinn á 15 árum sem það er haldið hér á landi.

Að sögn forseta Íslandsdeildar Intercoiffure, Guðbjörns Sævars hárgreiðslumeistara, sem flestir þekkja undir nafninu Dúddi, hafa á annað hundrað gestir víðs vegar að úr heiminum boðað komu sína hingað til lands. Athygli vekur að þeir, sem koma langt að, eru miklu fleiri en venja er á Norðurlandþingum.

## Hárgreiðslusýning á Broadway

Í tengslum við þingið stendur Íslandsdeildin fyrir einni stærstu og glæsilegustu hárgreiðslusýningu sem haldin hefur verið hér á landi þar sem fjöldi innlendra og erlendra fagmanna sýnir færni sína í faginu. Sýningin verður haldin á Broadway 2. júní og verður opin almenningi.

## Íslandsdeildin heiðruð

Þá má geta þess að 25 manna aðalstjórn heimssamtaka Intercoiffure hyggst heiðra Íslandsdeildina með því að halda aðalfund sinn hér á landi dagana fyrir Norðurlandþingið. Þetta verður í fyrsta sinn í 75 ára sögu samtakanna sem slíkur fundur er haldinn utan Parísar nema þegar heimsþing á í hlut en það er haldið á fjögurra ára

fresti. Dúddi segir ástæðuna vera þá að Íslandsdeildin hafi vakið mikla athygli fyrir markaðsstarf sitt að undanförunu

og með þessu vilji aðalstjórnin sýna í verki stuðning sinn við starf deildarinnar. Einn íslenskur hárgreiðslumeistari, Elsa Haraldsdóttir í Salon VEH, á sæti í aðalstjórninni sem fulltrúi Norðurlandadeildar.

Dagskrá þingsins er að finna á [www.intercoiffure.is](http://www.intercoiffure.is)



## Endurbætt útgáfa TAXTA II tekin í notkun

# - Útreiknað verð byggt á tíma og einingum -

Endurbætt útgáfa af forritinu TAXTA II er nú tilbúin til dreifingar. Samtök iðnaðarins létu hanna TAXTA II samkvæmt forskrift SI fyrir félagsmenn sína en hann kom í raun í stað útsölu-taxta yfir útselda vinnu sem gefnir voru út á árum áður. Í TAXTA II er unnt að reikna út hver á að vera útseldur tími manna og véla út frá forsendum sem fyrir hendi eru í hverju fyrirtæki fyrir sig.

Viðbótin er einkum fólgin í því að nú er hægt að reikna út einingarverð fyrir tiltekna verkþætti eins og að skipta um rúðu í glugga, lita hár eða smíða tiltekinn hlut. Elsa Haraldsdóttir, hárgreiðslumeistari í Salon VEH var meðal helstu hvatamanna að þeim endurbótum sem gerðar voru á forritinu og því var vel við hæfi að færa henni nýju útgáfuna og spyrja hvers hún vænti af notkun hennar.

## Verðlagning í samræmi við þjónustustig

„Ég er búin að bíða eftir þessu á mörg ár,“ segir Elsa. „Fyrir 15 til 20 árum byrjuðum við í Intercoiffure að gera verðlagsútreikninga fyrir hársnyrtistofur okkar og fengum sérstakan mælingamann til að tímamæla hina ýmsu þætti þjónustunnar en þegar ég sá Taxta II sá ég að þar var rétta leiðin fundin.“ Elsa segir að hún hafi aldrei verið sátt við niðurstöður verðkannana í greininni þar sem ekki hafi verið tekið tillit til raunkostnaðar með gæði í huga þegar slíkar kannanir hafi verið gerðar. „Hár-

greiðslan er handverk og verðlagningin þarf að vera í samræmi við þá þjónustu sem veitt er. Miklu máli skiptir að samræmi sé milli þjónustustigs og verðlagningar til að viðskiptavininum sé ljóst fyrir hvað hann borgar. Taxta II er einmitt gott verkfæri til að gera fólki grein fyrir í hverju þetta er fólgið. Mér finnst lyklatríði að verðlagningin byggist á réttum grunni og þar kemur endurbætt útgáfa TAXTA II að góðum notum.“

Við hönnun TAXTA II var haft að leiðarljósi að forritið væri einfalt í notkun og það hefur ekki breyst við endurbæturnar. Stefnt er að því að halda sækja námskeið í notkun TAXTA II og verður það auglýst síðar.

Nánari upplýsingar veita Eyjólfur Bjarnason, Ingólfur Sverrisson og Árni Jóhannsson hjá SI í síma 511 5555.

*Bóra Kristín Jónsdóttir*



Elsa Haraldsdóttir og Eyjólfur Bjarnason glaðbeitt með nýja taxtann



# UMSLAG ehf

Umslag ehf. var stofnað árið 1989 og er nú í fremstu röð á sínu sviði sem eitt stærsta fyrirtækið hér á landi í prentun og ísetningu kynningarefnis og annarra gagna fyrir fyrirtæki og stofnanir en þar starfa nú 18 manns. Íslenskur iðnaður skygndist nýlega inn í Umslag sem er til húsa að Lág múla 5 og ræddi við hæstráðanda þar, Sveinbjörn Hjálmarsson, framkvæmdastjóra.

## Örar breytingar

Sveinbjörn segir mikla þróun og örar breytingar eiga sér stað í prentiðnaði og telur að Umslag sé t.d. að breytast úr hefðbundnu prentfyrirtæki í það sem hann kysir að kalla þekkingarfyrirtæki. Fyrirtækið bjóði heildarlausnir en ekki sé þar með sagt að öll vinnan fari fram innan veggja þess því að haft sé náð samstarf við önnur fyrirtæki sem vinni fyrir það ýmis verk. Nafnspjöld Umslags séu t.d. ekki prentuð í eigin prentsál heldur hjá öðru fyrirtæki sem sé betur til þess fallið. Sveinbjörn nefnir einnig samvinnu við Skýrr sem hófst 1999 en hún felur m.a. í sér að Umslag sér um alla prentun fyrir Skýrr.

## Mannvæn starfsmannastefna

Sveinbjörn leggur mikla áherslu á að Umslag sé mannvænn vinnustaður og endurmenntun starfsmanna sé regluleg og markviss. Gott heilsufar starfsmanna er fyrirtækinu mikilvægt og Sveinbjörn segist t.d. senda alla nýja starfsmenn til Stoðtækni í göngumælingu til að tryggja vel líðan þeirra. Komi t.d. í ljós að starfsmaðurinn þurfi innlegg sé séð fyrir því. Þessi mannvæna stefna hafi meðal annars skilað sér í því að lítið sé um fjarvistir starfsmanna Umslags vegna veikinda og andinn í hópnum sé ákaflega góður og í raun einstakur. Starfsmannafélag fyrirtækisins sjái um alls kyns skemmtanir og dægrastyttingu og árlega sé farið í utanlandsferð. Á hverjum föstudegi er hádegisverður í boði og þá koma stundum góðir gestir, gjarnan samstarfsaðilar, sem gefst tækifæri til að kynna fyrirtæki sitt og hitta starfsfólk Umslags.

Umslag hefur sett sér menntastefnu þar sem m.a. kemur fram að hver starfsmaður eigi rétt á að sækja námskeið eða fá starfsþjálfun tvisvar á ári eða oftar ef þörf krefur, hvort heldur á Íslandi eða erlendis. Menntastefna Umslags hefur verið gefin út á prenti og hana má einnig nálgast á vefsetri Umslags, [www.umslag.is](http://www.umslag.is). Menntastefnan hefur vakið talsverða athygli og verið þýdd á ensku.

Stjórn Umslags hefur sett sér langtíma-markmið að því er varðar rekstur og framtíð fyrirtækisins og starfsfólks þess.

## Markmiðin eru:

- Að vera fremst á tæknilegum sviðum
- Að vera leiðandi á íslenskum markaði í prentun og ísetningu umslaga
- Að veita öllum starfsmönnum stöðuga þjálfun og stuðla að símenntun og endurmenntun þeirra.

## Erlend samskipti mikilvæg

Til staðfestingar þessu bendir Sveinbjörn á að Umslag sé félagi í tvennum alþjóðlegum samtökum. Önnur þeirra eru IPN (International Printers Network, [www.ipn.cc](http://www.ipn.cc)) sem er alþjóðlegt net fyrirtækja í prentiðnaði en rétt er að geta þess að menntastefnu Umslags á ensku hefur verið dreift til allra félaga IPN. Hin samtökin eru XPLORE ([www.xplor.org](http://www.xplor.org)) en þau eru samtök fyrirtækja sem vinna með gögn og gagnavinnslu og eru samskiptavettvangur sérfræðinga í upplýsingatækni til að kynnast því nýjasta á því sviði. Innan XPLORE starfar sérstök Norðurlandadeild og er Sveinbjörn forseti hennar. Hann var valinn maður samtakanna (Xplorer of the Year) árið 1999. Norðurlandadeild XPLORE hefur þegar haldið fimm ráð-

stefnur á Íslandi. Sveinbjörn segir þetta erlenda samstarf ákaflega mikilvægt, hafa skilað Umslagi mikilli þekkingu og sé í raun nauðsynlegt hverju framsæknu fyrirtæki.

## Áhersla lögð á umhverfismál

Umhverfismál eru einnig mikilvægur þáttur í rekstri Umslags. Sveinbjörn segir allt sorp vera flokkað og sent í viðeigandi endurvinnslu. Hann tekur fram að mörg fyrirtæki í prentiðnaði leggi mikla áherslu á umhverfismál og nefnir sem dæmi að Umslag var tilnefnt til umhverfisviðurkenningar Reykjavíkurborgar á síðasta ári, sem þá var veitt í fimmta sinn en þrjár prentsmiðjur hafa áður hlotið þau verðlaun. Það sýni glöggst hversu mikla áherslu fyrirtækin leggi á umhverfismál.

Að lokum minnir Sveinbjörn á að oft sé með réttu talað um að fyrstu kynni skipti miklu máli og bendir á að umslagið sé það fyrsta sem viðskipavinurinn sér. Þá hafa víst margir haft á orði, eftir heimsókn í Umslag, að ekki séu öll „gluggaumslög“ slæm, inn um gluggana á Umslagi megi nefnilega gjarnan sjá kræsingar á borðum!

*Haraldur Dean Nelson*



# Kröfur um gæðastjórnun í útboðsgögnum samræmdar

Kröfur í útboðsgögnum um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir hafa komið fram í auknum mæli á síðustu árum. Þær kröfur hafa oft verið settar fram með misjöfnum hætti og orðaðar á ýmsa vegu. Verktakar, sem hafa boðið í verkin, hafa því oft átt í stökustu vandræðum með að átta sig hvers krafist er í hverju tilviki.

## Kröfur um gæðastjórnun fara vaxandi

Á allra síðustu misserum hafa kröfur um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir verið settar fram í útboðsgögnum á mjög einfaldan og skýran hátt. Dæmi um slíka framsetningu var t.d. að finna í útboðsgögnum hjá aðalstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, höfuðstöðvum Íslenskrar erfðagreiningar og þjónustuskála Alþingis.

## Verkkaupar samræma kröfur sínar til verktaka

Þeir verktakar, sem eitthvað hafa kynnt sér aðferðafræði gæðastjórnunar, hafa átt mjög auðvelt með að koma til móts við þessar kröfur. Samtök iðnaðarins hafa því tekið höndum saman við alla helstu verkkaupa landsins svo sem Landsvirkjun, Siglingastofnun, Framkvæmdasýslu ríki-

sins, Orkuveitu Reykjavíkur, Vegagerðina og Gatnamálastjóra um að samræma þessar kröfur um gæðastjórnun og styðjast í stórum dráttum við þá frambærilegu framsetningu sem er nefnd hér að framan.

## Námskeið í gerð og notkun gæðastjórnunar

Nú eru í undirbúningi námskeið á vegum SI í samstarfi við ádurnefnda aðila til að leiðbeina verktökum og eftirlitsmönnum við gerð og notkun þessara gagna og verða fyrstu námskeiðin að öllum líkindum haldin í byrjun apríl. Námskeiðin munu standa einn til tvo daga og er tilgangur þeirra að fylgja eftir ákvörðun um að samræmdar verði kröfur um gæðastjórnun í útboðum. Á námskeiðunum verður reynt að samræma skilning allra aðila á kröfunum og þeir þjálfadír í gerð og notkun gæðastjórnunar við verklegar framkvæmdir.

Markmiðið með námskeiðunum er m.a. að:

- verktakar og eftirlitsmenn þekki og skilji kröfur verkkaupa um gæðastjórnun
- verktakar verði færir um að útbúa eigin gögn í samræmi við kröfurnar
- verktakar, verkkaupar og eftirlitsmenn



- skilji helstu hugtök gæðastjórnunar
- verktakar í einstökum greinum þekki sérkröfur verkkaupa í viðkomandi grein
- verktakar skilji, geti afmarkað og sett upp innri eftirlitsáætlun byggða á samnings- og verkþáttarýni
- verktakar, verkkaupar og eftirlitsmenn öðlist sameiginlegan skilning á gæðatryggingu sem tæki til markvissrar samvinnu sín á milli

Það er trú þeirra, sem að þessu koma, að átak þetta verði til þess að samskipti verkkaupa og verktaka verði markvissari, mistökum fækki og að allir, sem að verkinu koma, sjái hag sínum betur borgið en ella.

Þeir, sem óska frekari upplýsinga eða kynningar á möguleikum gæðastjórnunar til hagræðingar í rekstri, hafi samband við undirritaðan.

Ferdinand Hansen  
511-5555 [ferdinand@si.is](mailto:ferdinand@si.is)





# Sementsverksmiðjan hf. fyrst íslenska fyrirtækja á byggingavörumarkaði til að CE-merkja vöru sína



Sementsverksmiðjan hefur fyrst íslenskra fyrirtækja í framleiðslu byggingavara uppfyllt skilyrði til að hefja CE-merkingu á vöru sinni en Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins sá um nauðsynlegar prófanir og úttektir í því sambandi.

Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Sementsverksmiðjunnar, tók við samræmisýfirlýsingum úr hendi umhverfisráðherra á opnunaráttíð Construct North í lok ráðstefnu utanríkisráðuneytisins, Samtaka iðnaðarins og Staðlaráðs Íslands um „Markaðsaðgang að Evrópska efnahagssvæðinu og reglur um CE-merkingar vöru.“ Af því tilefni færði framkvæmdastjóri Sementsverksmiðjunnar umhverfisráðherra sérútbúinn minningarskjöld úr steypu þar sem notað var CE-merkt sement.

## Ströng skilyrði uppfyllt

Í CE-merkingunni felst yfirlýsing framleiðanda um að varan uppfylli alla þá öryggis-, umhverfis- og hollustuþætti sem gerð er krafa um í tilskipunum, lögum, reglu-gerðum og stöðlum sem um hana gilda. Sement er meðal þeirra byggingavara sem þurfa að gangast undir hvað ströngust skilyrði. Óháðir aðilar, sem hlotið hafa sérstaka tilnefningu stjórnvalda með tilkynningu til Evrópusambandsins, koma að þessu ferli og gefa út samræmisýfirlýsingar. Þær fela m.a. í sér gerðarprófun, vottun á framleiðsluferli með stöðugri vöktun og sýnatöku á framleiðslustað og markaði.

## Samþykktum stöðlum fjölgar ört

Byggingavörusviðið er eitt af þeim sviðum nýaðferðatilskipana ESB sem hvað hægst hefur þróast í Evrópu. Það er einkum staðlagerðin á sviðinu sem reynst hefur tímafrek og erfið vegna ólíkra aðstæðna og tæknilegra skilyrða. Skipulag prófana, vottana og eftirlits hefur líka verið í mótun og á enn eftir að þroskast. Framundan eru þó breyttir tímar þar sem samþykktum stöðlum á sviðinu fjölgar ört. Um leið skapast aðstæður til að markaðsaðilar og stjórnvöld geti gengið frá þeim formsatriðum sem að þeim snúa til að hefja með skip-

ulögðum hætti CE-merkingu byggingavara. Þetta á jafnt við um Ísland og önnur lönd í Evrópu.

## Merkur áfangi

Það er því mikið fagnaðarefni að sú vara sem á margan hátt er grundvöllur ís-

lenskrar mannvirkjagerðar skuli verða fyrst til að fara í gegnum þetta ferli og full ástæða til að óska Sementsverksmiðjunni til hamingju með unninn áfanga sem án efa á eftir að verða öðrum framleiðendum á sviðinu hvatning til dáða.

*David Lúðvíksson*

## Aðalfundur



**Málmur – samtök fyrirtækja í málm- og skipaðnaði hélt aðalfund sinn daginn fyrir Iðnþing eins og venja hefur verið undanfarin ár.**

Í greinargerð um stöðu og horfur í greininni kom fram að á ýmsu hefur gengið síðasta ár en sé á heildina litið hefur ýmislegt batnað í rekstrarumhverfinu. Þar ræður miklu að nú er gengi íslensku krónunnar nær því að vera skráð í samræmi við raunverðmæti en áður. Hins vegar er sama baráttan við gríðarlegan fjármagnskostnað og ljóst að þar þarf að verða veruleg breyting á ef fyrirtækin hér á landi eiga að getað keppt á jafnræðisgrundvelli við erlenda keppinauta, hvort heldur er með útflutning í huga eða samkeppni við innfluttar vörur.

Framleiðendur véla og tækja hafa enn aukið umsvif sín og nokkrir gert stóra sölusamninga til útlanda. Því virðist sem íslensku fyrirtækin séu að hasla sér enn meiri völl á alþjóðamarkaði enda hafa framleiðsla þeirra og tæknilausnir vakið athygli víða.

Þau undur hafa nú gerst að erlendur útgerðarmenn sækja hingað til lands til að fá smíðuð 20 til 30 metra löng fiskiskip. Þetta gerist á sama tíma og hingað eru flutt inn skip í ríkum mæli frá fjarlægum löndum og árangurinn misjafn svo að ekki sé meira sagt. Margt bendir til að talsverður markaður sé fyrir ádurnefndar skipastærðir í nágrannalöndunum og að íslenskar skipasmíðastöðvar eigi þar mikla

möguleika enda smíða þær eingöngu vönduð og traust skip sem svara kröfum tímans.

Á aðalfundinum komu fram miklar áhyggjur vegna skorts á færum iðnaðarmönnum. Bæði framleiðendur véla og tækja og þeir, sem smíða skip, sjá fram á skort á slíkum mönnum í framtíðinni. Þess vegna varð mikill kurr í mönnum þegar þriggja ára viðleitni til að koma á myndarlegum skóla, Málm- og véltækniskóla Íslands á fót fór út um þúfur. Ljóst er að ef menntakerfið tekur sér ekki tak varðandi alla framkvæmd iðnnámsins mun annað tveggja gerast; fyrirtækin verða að flytja inn erlenda iðnaðarmenn eða færa verkefni til útlanda þar sem hægt er að fá vel menntaða og hæfa menn á þessu sviði.

Á aðalfundinum var fjallað sérstaklega um möguleika og tækifæri málm-iðnaðarins á útlutningi. Framsögumenn voru þeir Hallgrímur Hallgrímsson framkvæmdastjóri Óseyjar hf. og Þorgeir Jósefsson, framkvæmdastjóri hjá Skaganum hf., Margt fróðlegt kom fram í máli þeirra en eitt stóð þó upp úr en það er aðgengi að fjármagni án ofurvaxta og að fá ábyrgðir í gegnum útflutnings- og tryggingalánasjóði. Í þessum efnum standa íslensk fyrirtæki mun verr að vígi en erlendir keppinautar og var lögð rík áhersla á það á fundinum að við þessu þurfi að bregðast og það án tafar.

*Ingólfur Sverrisson*



**Matartíminn 2002, markaðstorg framleiðenda matvæla og efnavöru innan Samtaka iðnaðarins, verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík fimmtudaginn 30. maí næstkomandi. Fyrirkomulag verður með svipuðum hætti og í fyrra. Nánari upplýsingar gefur Brynjar Ragnarsson, markaðsstjóri SI, [brynjar@si.is](mailto:brynjar@si.is).**



## Samstarf fyrirtækja og Íslandspósts úti á landi

Eftir aðskilnað Pósts og Síma hafa verkefni pósthúsa á landsbyggðinni dregist saman svo að nú stendur þar húsnæði til boða á nokkrum stöðum.

Íslandspóstur hefur því áhuga á að taka upp samstarf við fyrirtæki sem hyggjast hefja starfsemi úti á landi ef rekstur þeirra getur farið saman við rekstur pósthúsanna. Góður árangur hefur verið af slíku samstarfi við Búnaðarbankann og nokkra

sparisjóði. Húsnæðið er vel staðsett, fjarskiptatengingar góðar svo og vinnuaðstaða. Húsnæðið býðst leigulaust til þriggja eða jafnvel fimm ára.

Nú eru til ráðstöfunar pósthús á Bolungarvík, Suðureyri, Þingeyri og Tálknafirði en búist er við að svo verði um fleiri pósthús innan tíðar.

**Flestar myndir í blaðinu eru teknar á lönþingi og árshófi SI**

